

Fundargerð Stjórnarfundar KKA

Þann 13. nóvember 2015, kl. 18:00 í húsnæði Frosts

1) Fundur settur.

Enginn hefur athugasemd við fundargerð síðasta fundar sem send var stjórnarmönnum í tölvupósti. Fundarritari er Siddi.

2) Mættir voru:

1. Gummi H. ,
2. Gunni V.
3. Baldvin Þ.
4. Jói H.
5. Þorsteinn.
6. Bjarki.
7. Kristján.
8. Árni G.
9. Siddi.

3) Ársþing msí.

Þorsteinn mun fara á ársþingið og sitja formannafundinn um morguninn. Fundurinn óskaði eftir að Bjarki og Baldvin yrðu líka fulltrúar KKA á ársþinginu og myndu auk þess gefa kost á sér í stjórn MSÍ. Þeir féllust góðfúslega á það. Þorsteinn sér um að ganga frá flugfari fyrir alla. Ekki muna menn nein svör um styrkumsókn KKA til MSÍ. Ákveðið að ganga frekar eftir þeirri umsókn. Inn í hana þarf nauðsynlega að setja fleiri liði sem ræddir voru á fundinum, þ.e. til brautargerðar og viðhalds. Formaðurinn finnur umsóknina og sendir hana á tölvupósti til stjórnarmanna í vikunni.

Karl Gunnlaugsson er að hætta sem formaður MSÍ. Umræður urðu um hugsanlega eftirmenn Karls. Enginn hefur lýst áhuga sínum á því að taka við embættinu en fundarmenn voru sammála um að það yrði mikið lán fyrir MSÍ ef Keli (Hrafnel Sigtryggsson) fengist til að gefa kost á sér í embættið. Á fundinum var mikill einhugur um að hvetja Kela til að bjóða sig fram í embættið. Menn voru 100% sammála um að það væri mikill happafengur fyrir MSÍ og félögin ef Keli væri tilbúinn til að taka þetta verkefni að sér. Samþykkt var að formaður myndi senda honum áskorun um þetta eða hafa samband við hann og reyna að hvetja hann til að fara í þetta.

4) Moto-Cross reglur og keppnishald.

Buggybílar og fjórhjól eru ekki leyfðir í Moto-Cross brautinn nema sérstakur viðburður sé. Það er í samræmi við samþykkt stjórnar fyrir nokkrum árum síðan.

5) Enduro reglur og keppnishald.

Heimilt verði að nota buggybíla og fjórhjól í endurobrautinni með ákveðnum takmörkunum þó. Gæta verður að því að vera í brautinni, gæta verður að öðrum í brautinni. Hjólamennog þeir sem eru á böggíbílum mega ekki vera saman í brautinni. Það eru það fáir bílar til að það á að vera auðvelt að það gerist ekki. Notendum verður þó treyst til þess að ef hjól og bíll eru samtímis á endurosvæðinu sé þeim ekið þannig að tækin séu ekki á sama stað og tíma í brautinni, heldur sé þeim ekið aðskilið á sitthvorum stað í brautinni. Formaður mun forma nánar efnið og senda í tölvupósti til stjórnarmanna til skoðunar til að fara yfir smáatriðin. Þetta þarf að setja á vefinn um öryggisreglur svæðisins.

6) Keppnisdagatal 2016

Samþykkt var að formaður setti fram þá ósk KKA á formannafundi að Moto-Cross og enduro mótin verði haldin 18 og 19 júní. 2016. Enduróið myndi hefjast snemma á sunnudagsmorgni svo það væri búið um hádegi eða svo, til að gefa mönnum nægan ferðatíma til síns heima.

7) Peningamál

Farið yfir reikninga ársins og var vel greint frá þeim. Fram kom að kostnaður er mikill vegna viðhalds tækja. Fundarmenn hafa áhyggjur af ýtunni, þ.e. ef hún fer að bila mikið meira gæti orðið að leggja henni alveg því mjög dýrt er að gera við hana. Umræða var um að það verður að nota hana varlega. Kostnaður vegna uppbyggingar og viðhalds svæðisins er líka afar mikill. Staðreyndin er sú að félagið hefur varla ráð á þessu miðað við tekjur þess núna. Fastar tekjur eru rekstrarstyrkur félagsins frá bænum sem er 500.000. Rekstrargjöld ársins 2015 eru orðin 3 millj. þannig að félagið verður að afla ansi mikilla tekna annars staðar frá. Tekjur af mótum hafa ekki verið miklar eða um það bil 200 þús. í ár. Tekist hefur að reka félagið með hagnaði það sem af er árinu, þ.e. tekjur 3,4 millj, hagnaður af rekstri 400 þús. EN ... fyrirsjáanlegt er að tekjur næsta árs verða minni, rekstrargjöldin trúlega líka. En það er ekki ábyrgt að treysta á það heldur verður að gera ráðstafanir til að draga úr rekstrargjöldum næsta árs. Félagið hefur einfaldlega ekki efni á sömu umsvifum. Skuldasöfnun kemur ekki til greina, og til að koma í veg fyrir að illa fari á næsta ári þarf að grípa til aðgerða nú þegar. Umræður voru um samdrátt en það augljósasta og einfaldasta er að sleppa starfsmanni á svæðinu. Sú aðgerð ein dregur um helming úr rekstrarkostnaði vegna viðhalds svæðisins. Það er líka von til þess að vatn verði komið á svæðið næsta sumar sem dregur mjög úr vinnu við að vökva svæðið og því sé ekki sama þörf á starfsmanni. Kostnaður hefur verið töluverður vegna viðhalds tækja og er von til að því fari að linna en slíkt er vitanlega ófyrirséður kostnaður en varla ábyrgt að treysta á guð og lúkkuna og gera ráð fyrir að hann verði eitthvað mikið öðruvísi en hann hefur verið undanfarin ár. Samþykkt var að öllu óbreyttu að draga saman reksturinn með því að sleppa því að ráða starfsmann á svæðið næsta sumar.

Þrátt fyrir þetta raunsæjis tal um kostnað og tekjur voru fundarmenn bjartsýnir á framtíðina. Staða félagsins er fjárhagslega góð, peningar eru til í reksturinn marga mánuði fram í tímann (um 2,7 millj. kr. í haldbært fé). Um 80% félagsmanna hafa greitt árgjöldin sín og samstaða er góð í félaginu.

8) Önnur mál

Ítreka bann við akstri á **vatsverndavæði**. Setja auglýsingu NO inn á vef KKA.

Húsið við púkabrautina var rætt. Það fauk og skemmdist síðasta vetur. Búið er að vinna við að laga það, það er búið að rétta það og festa niður. En þakið hefur ekki verið lagað. Það þarf að laga það eða útbúa fyrir veturinn loka því.

Rampurinn: Baldvin Þór ræddi um að koma rampinum fyrir á varanlegum stað. Það var samþykkt að gera það en það yrði að vera þar sem ekki væri slyshætta af honum, þ.e. ekki má vera hætta á því að menn lendi á honum ef óhapp verður í brautinni og menn fara út fyrir. Baldvin ætlar að koma með tillögur að stað til að setja rampinn niður og mun merkja staðinn inn á teikningu af svæðinu. Helst kemur til greina að hafa hann við endapallinn.

Hlið og að hafa svæðið opið á veturna. Baldvin Þór spurði um afstöðu manna til að moka heim að húsi á veturna. Allir voru sammála því að það væri þarft verk ef svæðið er notað. Hins vegar hefur svæðið verkið lokað til að halda í burtu óviðkomandi umferð manna að húsinu á veturna. Komið hefur fyrir að bílar hafi verið í brautinni. Baldvin Þór fékk heimild til að hækka staurana og eyða fé í að koma upp hliði, þ.e. með keðju á svæðinu. Svæðinu verður haldið opnu þegar það er í notkun með því að moka. Svo má hreinlega moka fyrir aftur, setja skafl á veginn sem stöðvar umferð upp að húsinu.

Svæðið vestan brauta (losunarsvæði) Þetta svæði er ljótur blettur á KKA svæðinu. Okkur hefur ekki tekist að hefta nægilega vel að hinir og þessir komi og losi efni á þessum stað. Það þurfti efni eftir að bærinn lét taka efni úr svæðinu fyrir allmörgum árum. Það hefur ekki tekist nægilega vel að fylla upp í holuna eftir bæinn. Stallurinn er orðinn mjög hár, og klárlega nægilega hár til að fylla holuna. Það þarf að vinna í því að ýta niður í holuna og loka henni, jafna svæðið og sá í það. Fundarmenn voru sammála um það að helst væri og örugglega öruggt að hætt yrði að losa úrgang þarna ef við náum að klára að ganga frá svæðinu fallega. Áætlunin er að gera áhorfendasvæði í brekkunni og tjaldstæði, enginn fer að losa efni á tjaldstæði (teljum við). Akureyrarbær hefur sagt að við megum loka svæðinu til að verja það fyrir losun. Þ.e. setja upp keðju, sem við reyndar gerðum en hún var fjarlægð. Ekki er heimilt að taka efni af svæðinu og fara með það í burtu. Þannig að náman við réttina er ekki opin til þess. Það má færa efni til innan svæðanna, en félögin mega ekki taka efni af svæði hinna félaganna fyrir sjálfan sig, þ.e. eins og t.d. BA gerði fyrir nokkrum mánuðum, þ.e. tók efni af skotsvæðinu (við réttina) og fór með niður á sitt svæði.

Þess vegna getum við lokað þessum vegi segir bærinn, ef skotfélagið vill nýta þetta eða komast að þessu opnum við veginn.

9) **Formaður slítur fundi.**

Fundi slitið 20:10